




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 23. apríl 2021
R21040202

Velferðarráð

Borgartún 10 - 12
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjórn samþykki að hjúkrunarheimili starfi eftir Eden hugmyndafræði

Á fundi borgarstjórnar þann 20. apríl 2021 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar velferðarráðs:

Samkvæmt kröfúlýsingu fyrir hjúkrunar- og dvalarymi eiga heimilin að hafa hugmyndafræðilegar forsendur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að þau tvö hjúkrunarheimili sem borgin rekur verði rekin með Eden-hugmyndafræðina að leiðarjösi og samþykki einnig að hvetja hjúkrunarheimili í Reykjavík sem eru sjálfseignarstofnanir til að taka upp hugmyndafræðina hafi þau ekki gert það. Nokkur dvalar- og hjúkrunarheimili á landinu eru rekin sem Eden-heimili, t.d. Ás í Hveragerði og dvalar- og hjúkrunarheimilið á Akureyri. Eden-hugmyndafræðin snýst um að fólk haldi sjálfreði sínu og reisin þó flutt sé á hjúkrunarheimili og að heimilisfólk taki sjálfstæðar ákvarðanir um daglegt líf sitt. Líklegt þykir að á hjúkrunarheimilum í dag sé reynt að stuðla að því að fólk haldi sjálfstæði sínu en hugmyndafræði Eden gengur lengra og þá sérstaklega í áherslu sinni á lífandi umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á samneyti kynslóðanna. Einnig er áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika/ræktun plantna og grænmetis auk þess sem íbúar hafa heimild til að halda gæludýr. Samneyti dýra og manna umbreytir hjúkrunarheimili í fjölbreytilegt og lífflegt heimili. Að halda gæludýr dregur úr streitu, einmanaleika og þunglyndi og eykur gleði og samskiptahæfni meðal aldraðra.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillögu Flokks fólksins um að borgarstjórn samþykki að hjúkrunarheimili starfi eftir Eden hugmyndafræði hefur verið vísað í velferðarráð. Það boðar ekki gott því að í öll þau skipti sem tillögum Flokks fólksins hefur verið vísað til velferðarráðs beint úr borgarstjórnarsal þá eru þær felldar eða vísað frá á einhverjum næstu funda ráðsins. Hér er meirihlutinn að kaupa sér tíma því málið er viðkvæmt og treystir meirihlutinn sér ljóslega ekki til að fella tillöguna eða vísa henni frá hér og nú. Það hefði verið meirihlutunum að meinalausu að samþykkja þessa tillögu og verið sómi af. Þá hefðu hjúkrunarheimili borgarinnar tækifæri til að skoða hana fyrir alvöru og hin heimilin sem eru sjálfseignarstofnanir fengu hvatningu til að gera það saman. Í andmælum meirihlutans fær borgarfulltrúinn tvö valmöguleika, að samþykka að vísa henni í


velferðarráð eða draga hana til baka. Fulltrúi Flokks fólksins vill aftur leggja áherslu á að Eden hugmyndafræðin er einstök. Allmörg heimili vinna eftir Eden hugmyndafræðinni og hafa sum gert lengi við mikla ánægju heimilisfólks, aðstandenda og starfsfólks. Ástæðan fyrir því að Eden er svo vinsæl er að hún felur í sér áhersluna á hlýju, nánd, sjálfstæði og valdi yfir eigin lífi. Rúsínan í hugmyndafræðinni er áherslan á samneytið við líffíkið, börn og dýr.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eden-hugmyndafræðin er áhugaverð og byggir á fjölbreytileika til að auðga daglegt líf hvers íbúa. Meirihluti borgarstjórnar lagði til að tillögunni yrði vísað til velferðarráðs til umfjöllunar og samráðs. Ákvörðun um að innleiða hugmyndafræði þarf alltaf að taka í nánú samráði við stjórnendur, starfsfólk og íbúa hjúkrunarheimila.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Það hefði verið meirihlutanum að meinalausu að samþykkja þessa tillögu og verið sómi af. Þá hefðu hjúkrunarheimili borgarinnar fengið tækifæri til að skoða hana fyrir alvöru og hin heimilin sem eru sjálfsfagnarstofnanir fengið hvatningu til að gera það saman. Að vísa tillögunni í velferðarráð boðar ekki gott því að í öll þau skipti sem tillögum Flokks fólksins hefur verið vísað til velferðarráðs beint úr borgarstjórnarsal þá eru þær felldar eða vísað frá á einhverjum næstu funda ráðsins. Hér er meirihlutinn að kaupa sér tíma því málið er viðkvæmt og treystir meirihlutinn sér ljóslega ekki til að fella tillöguna eða vísa henni frá hér og nú.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagi:
Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins

Borgarstjórn Reykjavíkur 20. apríl 2021

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að borgarstjórn samþykki að hjúkrunarheimili starfi eftir Eden hugmyndafræði

Samkvæmt kröfulýsingu fyrir hjúkrunar- og dvalarrými eiga heimilin að hafa hugmyndafræðilegar forsendur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki leiðarljósi og samþykki einnig að hvetja hjúkrunarheimili í Reykjavík sem eru sjálfseignarstofnanir að taka upp hugmyndafræðina hafi þau ekki gert það. Nokkur dvalar- og hjúkrunarheimili á landinu eru rekin sem Eden-heimili, t.d. Ás í Hveragerði og dvalar- og hjúkrunarheimilið á Akureyri.

Eden-hugmyndafræðin snýst um að fólk haldi sjálffræði sínu og reisin þó flutt sé á hjúkrunarheimili og að heimilisfólk taki sjálfstæðar ákvarðanir um daglegt líf sitt. Líklegt þykir að á hjúkrunarheimilum í dag sé reynt að stuðla að því að fólk haldi sjálfstæði umhverfi. Sérstök áhersla er lögð á samneyti kynslóðanna. Einnig er áhersla á að hver íbúi hafi eigin húsgögn/eigur, rík samskipti við yngri kynslóðina, nálægð við líffræðilegan fjölbreytileika/ræktun plantna og grænmetis auk þess sem íbúar hafa heimild til að halda gæludýr. Samneyti dýra og manna umbreytir hjúkrunarheimili í fjölbreytilegt og líflegt heimili. Að halda gæludýr dregur úr streitu, einmanaleika og þunglyndi og eykur gleði og samskiptahæfni meðal aldraðra.

Greinargerð

Hugmyndafræðin Eden varð til í Bandaríkjunum fyrir meira en þrjátíu árum og er höfundur hennar læknirinn Bill Thomas. Hugmyndin spratt út frá því hversu algengt það var að fólk á hjúkrunarheimilum væri einmana og einangrað. Við einmanaleika, leiða og vanmáttarkennd eru engin lyf til nema þau lyf sem deyfa og sljóvga. Kjarni hugmyndafræðinnar er að fólk þaki fullan þátt í því sem lífið hefur upp á að bjóða og sé virkt. Umhverfi þeirra er gert persónulegt og er skreytt af þeim sjálfum. Mest um vert er að opnað er fyrir þann möguleika að fólk haldi gæludýr og komist í tengsl við plöntur/ræktun. Með dýrunum er hægt að gefa íbúunum hlutverk, gildi og auka virkni þeirra, t.d. má bjóða þeim að hafa páfagauk inni í herbergi sínu, fiska eða önnur gæludýr. Þar sem Eden-hugmyndafræðin er viðhöfð hefur það sýnt sig að íbúar njóta þess að hafa ábyrgðina. Nærveran við dýr veitir gleði og birtu í ýmsum myndum og formum. Fólk nýtur þess að heyra hjóð þeirra og hreyfingar svo ekki sé minnst á félagsskapinn við dýrin. Reykjavíkurborg á og rekur tvö hjúkrunarheimili, **Droplaugarstaði** og **Seljahlíð**. Sólarhringsþjónusta er á báðum stöðum.

Önnur átta dvalar- og hjúkrunarheimili í Reykjavík eru sjálfseignarstofnanir sem starfa samkvæmt heilbrigðislögum til að vinna að málefnum aldraðra. Í Reykjavík er hjúkrunarheimilið Mörk vottað Eden heimili og Grund er að undirbúa að verða Eden heimili. Öldrunarheimili Akureyrar varð fyrst íslenskra hjúkrunarheimila til að hjóta alþjóðlega viðurkenningu sem fullgilt Eden-heimili. Þar er lögð áhersla á heimilislegt umhverfi og að íbúarnir séu ekki alltaf í hlutverki þiggjandans heldur fái tækifæri til að gefa af sér. Á þeim hjúkrunarheimilum þar sem Eden hugmyndafræðin ríkir búa gæludýr. Þangað koma einnig börn reglulega í heimsókn, með starfsfólki og í samstarfi við skóla. Allir heimilismenn geta komið með sín húsgögn í sitt herbergi, rúmföt ef þeir kjósa, rúmteppi, gardínur og svo framvegis.

Eden-stefnan er alþjóðleg hugmyndafræði sem dvalarheimili víða um heim vinna eftir. Samkvæmt henni er talið þýðingarmikið að öldrunarheimili séu heimili þeirra sem þar búa og

áhersla lögð á sjálfræði íbúa og einstaklingsmiðaða þjónustu. Í tilkynningu frá Öldrunarheimili Akureyrar kemur fram að innleiðing Eden-hugmyndafræðinnar hafi hafist árið 2006 með breytingum á húsakynnum. Hvatt hafi verið til dýrahalds og samstarf við skóla og ýmis konar félagasamtök aukið.

Heimilin sem fylgja hugmyndafræðinni eru orðin mörg hundruð, í Danmörku, Hollandi, Bandaríkjunum, Astralíu og víða um Evrópu. Aðstandendur eru ávallt velkomnir og hvattir til að koma sem oftast. Þeir eru hvattir til að leggja af mörkum, taka þátt í daglegu lífi og vera virkir inni á heimilinu þar sem þeirra aðstandandi býr.